

Starfsáætlun 2025-2026

Janúarnámskeið

Stefnt verður á að halda Janúarnámskeið sem snýr að fræðslu og leiðtogaþjálfun æskulýðsleiðtoga.

Aðalfundur

Aðalfundur er haldinn ár hvert fyrir 1. júní mánuð.

Vaktu með Krist

Til stóð að halda Vaktu með Krist í samstarfi við ÆSKH síðastliðið starfsár. Ef áhugi og vilji er fyrir slíku stendur slíkt mun það vera haldið í tengslum við föstutímabilið.

Easter Course

Ef áhugi er fyrir þátttöku mun ÆSKP taka þátt í Easter Course.

Kirkjuþing unga fólksins

Kirkjuþing unga fólksins hefur verið fært undir Biskupsstofu og tengt meira við Kirkjuþing alemnna. Ef óskað verður eftir aðild ÆSKP við skipulag og utanumhald verður að sjálfsögðu orðið við því.

Gleðigangan

Hefð hefur skapast fyrir því að ÆSKP gangi í gleðigöngunni á hinsegindögum og verður þar engin breyting á. Mögulega verður aðkoma þjóðkirkjunnar einhver en það er í höndum nýrrar stjórnar að vinna það verkefni áfram.

Haustnámskeið

Í gegnum árin hafa oft á tíðum verið haldin Haustnámskeið fyrir leiðtoga, þar sem unnið er með leiðtogaþjálfun, samhristing og spjall. Við viljum endurvekja þennan viðburð og efla þannig tengsl og samstarf á milli leiðtoga.

Landsmót

Landsmót 2026 verður haldið á Hvammstanga og hefur fráfarandi stjórn þegar hafið samtal við bæjarfélagið. Ekki er búið að ákveða dagsetningu en verður hún á vorönn og þarf nýja stjórnin að skoða það vel hvenær heppilegast verði að halda Landsmót 2025.

Samstarf við svæðisstjóra

Með tilkomu svæðisstjóra æskulýðsmála þjóðkirkjunnar víða um land telur stjórn mikilvægt að vel verði haldið utan um samstarf ÆSKÞ og svæðisstjóra æskulýðsmála. Undanfarið ár var unnið að sameiginlegu viðburðardagatali ÆSKH og ÆSKÞ og mætti vel útfæra það og hafa með í ráðum svæðisstjóra annara landshluta. Það er gríðarlega mikilvægt að efla samstarf allra þeirra sem starfa í æskulýðsstarfi og efla þannig starfið sjálft og auðvitað tengslanet. Það er ótækt að hver sé að vinna í sínu horni en öll að sama markmiði og þarf ný stjórn að leggja sérstaka áherslu á þetta.

Ball ÆSKÞ

Undanfarinn vetur var í fyrsta skipti haldið Ball ÆSKÞ. Það var haldið í Hafnarfirði og sóttu um 60 unglingar af höfuðborgarsvæðinu og nágrenni ballið. Við viljum endurvekja leikinn og halda ball, annað hvort á höfuðborgarsvæðinu eða annarsstaðar. Vinna þarf það í samstarfi við æskulýðsfélög þar sem áhugi er fyrir slíku.